

**3473. fundur bæjarráðs, haldinn á Garðavöllum,  
21. október 2021 og hófst hann kl. 08:15.**

**Fundinn sátu:**

Elsa Lára Arnardóttir formaður, Valgarður L. Jónsson varaformaður, Rakel Óskarsdóttir aðalmaður, Sævar Freyr Þráinsson bæjarstjóri og Steinar Dagur Adolfsson sviðsstjóri stjórnsýslu- og fjármálasviðs.

**Fundargerð ritaði:** Steinar Adolfsson, sviðsstjóri.

**Fyrir tekið:**

**1. 2106179 - Fjárhagsáætlun 2022 og þriggja ára áætlun vegna tímabilsins 2023-2025**

Áframhaldandi vinna við fjárhagsáætlun 2022 (2023-2025).

Kristjana Helga Ólafsdóttir deildarstjóri fjármála tekur sæti á fundinum undir þessum lið.

*Áframhaldandi vinna við gerð fjárhagsáætlunar verður á reglulegum fundi bæjarráðs fimmtudaginn 28. október næstkomandi kl. 08:15.*

*Kristjana Helga Ólafsdóttir vikur af fundi.*

**2. 2105169 - Búnaðar- og áhaldakaup (tækjakaupasjóður) 2021**

Beiðni um kaup á 15 Ipad fyrir Brekkubæjarskóla.

*ELA vikur af fundi undir þessum lið.*

*Bæjarráð samþykkir að veita viðbótarfjármagni til Brekkubæjarskóla til kaupa á 15 Ipad tækjum fyrir kennslu í hönnun og forritun sem fyrirhugað er að taka upp í stað kennslu í smíði þar sem ekki verður unnt að nýta þá kennslustofu vegna rakaskemmda á næstu misserum. Heildarkostnaður vegna kaupanna er áætlaður kr. 1.090.000.*

*Til staðar er fjárhagslegt rými innan fjárheimilda skóla- og frístundasviðs á deild 04200 Niðurgreiðsla til dagforeldra sem fyrst og fremst er tilkomið vegna aukinnar inntöku yngstu barna á leikskóla Akraneskaupstaðar.*

*Bæjarráð samþykkir tilfærslu fjármuna innan fjárhagsáætlunar ársins þannig að kr. 1.090.000 færast af deild 4200-5917 og á deild 04220-4660.*

*Samþykkt 2:0*

*ELA tekur sæti á fundinum á ný.*

**3. 2110005 - Húsnæðissjálfs eignarstofnun á landsbyggðinni**

Erindi Sambands Íslenskra sveitarfélaga varðandi samstarf um uppbyggingu íbúðarhúsnæðis á landsbyggðinni.

*Lagt fram.*

**4. 2110153 - Höfði - fjárhagsáætlun 2022 - 2025**

Fjárhagsáætlun Höfða 2022 og vegna árána 2023 - 2025

*Lagt fram.*

**5. 2110124 - Eigendafundur HEV**

Fundargerð eigendafundar sem haldinn var mánudaginn 18. október síðastliðinn.

*Bæjarráð samþykkir fjárhagsáætlun Heilbrigðiseftirlits Vesturlands vegna ársins 2022.*

*Samþykkt 3:0*

*Bæjarráð samþykkir gjaldskrá Heilbrigðiseftirlits Vesturlands fyrir heilbrigðis-, mengunarvarna- og matvælaeftirlit á starfssvæði þess fyrir árið 2022.*

*Samþykkt 3:0*

*Bæjarráð vísar málinu til bæjarstjórnar Akraness til endanlegrar samþykktar.*

*Samþykkt 3:0*

**Fleira ekki gert, fundi slitið kl. 11:32.**